

FRÍSTUNDIR & MENNING

FRAMUNDAN

- 2. sept** Fundur í frístunda- og menningarnefnd
- 3. sept** Fundur hjá forvarnarteymi
- 7. sept** Fundur hjá Samsuð.
- 7. sept** Fundur hjá SAMAN hópnun
- 8. sept** Kynningarfundur á Hreyfiviku 21.-27. sept.
- 21.-27. sept** Hreyfivika
- 21. sept** Fundur hjá Samsuð
- 22. sept** Undirbúningsfundur vegna fjárhagsáætlunar
- 1. okt** Fundur hjá forvarnarteymi
- 2. okt** Fundur hjá frístunda- og menningarsviði
- 2. okt.** Forvarnardagurinn
- 2. okt.** Sameiginlegur starfsmannadagur Grindavíkurbæjar

Fréttabréfið
kemur út
í upphafi hvers
mánaðar



GRINDAVÍKURBÆR

Fyrsti áfangi Ungmennagarðsins að verða klár

Fyrsti áfangi Ungmennagarðsins á lóð grunnskólans sem Ungmennaráð Grindavíkur hefur undirbúið er langt kominn. Búið er að setja upp aparólu, skýli og grillaðstöðu, beðið er eftir kósýrólu en hún verður vonandi sett upp fljótlega. Söluaðili aparólunnar hefur viðurkennt mistök við hönnunina og því verður henni breytt á næstunni til að fá meiri fallhæð á róluna. Annars hafa framkvæmdir tekist vel. Fresta þurfti að setja upp standblakvöll í sumar þar sem bláa útistofan er ekki farin af lóðinni. Hún fer á næstunni og þá verður grunnurinn fyrir völlinn gerður klár og sandurinn keyrður í næsta vor. Körfuboltadýnuvöllurinn er í undirbúningi en til stendur að hann verði settur upp næsta sumar. Þá stendur einnig til að setja minigolf í ungmennagarðinn. Þá er Ungmennaráð að vinna að Grindavíkurrappi



en því miður hefur forritunin á appinu dregist úr hömlu. Hins vegar virðist hún vera á lokasperttinum og á fundi Ungmennaráðs í vikunni var farið yfir appið og það prufukeyrt. Það lítur vel út. Gerðar voru nokkrar breytingar og eru bundnar vonir við að appið verði sett í loftið með pompi og pragt, vonandi eigi síðar en um næstu mánaðarmót. Núverandi Ungmennaráð hefur nú starfað í eitt og hálf ár þannig að kjörtímabili þess lýkur

upp úr næstu áramótum en engin breyting varð á ráðinu um síðustu áramót. Allir eru sammála um að afar óhentugt sé að allt ráðið hætti í einu því þá glatast reynsla og vitneskja, betra færi að um helmingur endurnýjaðist á hverju ári. Því væri æskilegra að breyta samþykkt ungmennaráðs. Sviðsstjóra hefur verið falið að koma með tillögur að nýjum samþykktum fyrir næsta fund í samræmi við umræður á fundinum, aðallega á 6. - 8. grein.

Menningarvikan verður 12.-20. mars á næsta ári

Hin árlega Menningarvika Grindavíkurbæjar verður 12. til 20. mars á næsta ári. Safnahelgin verður jafnframt 12. og 13. mars. Grindvíkingar eru hvattir til þess að undirbúa menningarviðburði en þetta er í áttunda sinn sem Menning-

arvikan er haldin með þessu sniði. Nú vegar eru nokkrir viðburðir í undirbúningi. Þá verður jafnframt úthefndur Bæjarlistamaður Grindavíkur 2016 en þetta verður í annað sinn sem það verður gert. Halldór Lárusson var valinn 2014.

Búið er við listafólki frá Piteå í Menningarvikuna líkt og undanfarin ár. Þeir sem hafa áhuga að vera með sýningar og spyrja nánar út í Menningarvikuna eru hvattir til að hafa samband við Þorstein, sími 420 1100, thorsteinng@grindavik.is

Aukning á tjaldsvæðinu

Mikil aukning hefur verið á aðsókn á tjaldsvæðinu enn eitt sumarið. T.d. varð 40% aukning á gistinóttum í júlí og um 20% í ágúst og þá hefur september farið mjög vel af stað.

Járngerður í undirbúningi

Fréttabréf bæjarins, Járngerður, er í undirbúningi og kemur út seinna í mánuðinum. Blaðið er nánast fullt af efni en alltaf er pláss fyrir góðar hugmyndir. Sendið línu á thorsteinng@grindavik.is eða siggeir@grindavik.is

Áframhald hjá Hjólakrafti

Á fundi frístunda- og menningarnefndar var lögð fram lokaskýrsla um verkefnið Hjólakraftur sem var hjólaklúbbur á vegum félagsmiðstöðvarinnar Brumunnar í samstarfi við grunnskólann. Þorvaldur Danielsson leiddi verkefnið af stakri þryði og nemendurnir tóku m.a. þátt í Bláa Lóns hjólaþrautinni og WOW Cyclothon hjólaþrautinni þar sem hjólað var í kringum Ísland í sumar. Forvarnarteymi Grindavíkurbæjar hefur hafið undirbúning að framhaldi Hjólakrafts í samstarfi við Þorvald og grunnskólann.

**GRINDAVÍKURBÆR**

Útgefandi: Frístunda- og menningarsvið

ÁBM: Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri.

thorsteinng@grindavik.is.

Sími 420 1100.

Fleiri fréttir á

www.grindavik.is

Árshátíðin verður laugardaginn 9. apríl 2016

Árshátíð Grindavíkurbæjar verður haldin laugardaginn 9. apríl n.k. og er búið að bóka Lava-sal Bláa Lónsins. Hún er því seinna á dagskrá en undanfarin ár, ástæðan er

sú að skynsamlegt var talið að færa árshátíðina aftur fyrir Menningarviku og fermingar. Leikskólinn Laut sér um árshátíðina að þessu sinni og hefur undirbúnings-

nefnd störf upp úr áramótum. Lautarkonur boða jafnvel breytingar á fyrirkomulagi árshátíðarinnar og verður fróðlegt að sjá hver niðurstaðan verður.

Ný íþróttamiðstöð, líkamsrækt og nafnasamkeppni

Á fundi frístunda- og menningarnefnd í vikunni fór sviðsstjóri yfir stöðu á framkvæmdum við aðalinngang á nýju íþróttamannvirki. Verklök voru áætluð 15. september en seinkar um 10 daga. Stefnt er að því að vígja mannvirkið formlega í kjölfar verklökanna og skrifa þá jafnframt undir samstarfssamninga við íþróttahreyfinguna, þ.e. UMFG, Golfklúbb Grindavíkur og Brimfaxes ásamt Kvenfélaginu. Einnig

var farið yfir ýmis önnur mál sem snúa að íþróttamannvirkinu eins og hálfu í búningaklefum o.fl. og hefur verið brugðist við því og unnið að framtíðarlausn.

Í nýrri og glæsilegri félagsaðstöðu UMFG og Kvenfélags Grindavíkur í íþróttamannvirkinu er salur fyrir allt upp í 200 manna veislur. Þeir sem hafa áhuga að leigja salinn eiga að hafa samband við Höddu starfsmann UMFG. Netfangið: umfg@umfg.is.

Efnt var til samkeppni um nafn á félagsaðstöðuna. Alls bárust tillögur um 40 nöfn og munu stjórnir UMFG og kvenfélagsins velja vinningstillöguna í næstu viku. Til mikils er að vinna; árskort í líkamsræktarstöðina og ársmiða á körfuboltaleikina í vetur. Ný og glæsileg líkamsræktaraðstaða hefur mælt ákaflega vel fyrir. Einnig er boðið upp á skipulagða hóptíma í hreyfisalnum á vegum Gymheilsu. Dagskrá hóptímanna má sjá hér: <http://gymheilsa.is/grindavik/>

Morgunverðarfundur – Kynning á Hreyfivikunni

Hreyfivikan verður 21.-27. september n.k. og verður Grindavíkurbær með annað árið í röð. Vonast er til að allar stofnanir bæjarins, UMFG, félagasamtök, þjálfarar, fyrirtæki og allir áhugasamir um holla hreyfingu taki þátt með opnum tímum, kynningum, fyrirlesturum o.s.frv.

Morgunverðarkynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 8. september n.k. kl. 8 á Geo hótél og eru allir velkomnir.

Skráning á fundinn á thorsteinng@grindavik.is í síðasta lagi næsta

**mánudag.**

Tilgangur Hreyfivikunnar er að hvetja til virkrar hreyfingar og þátttöku í íþróttum. Það eru samtökin International Sport and Culture Association (ISCA) sem standa fyrir verkefninu en Ungmennafélag Íslands fylgir því eftir héraendis. Skipuleggjendur Hreyfivikunnar í Grindavík

eru frístunda- og menningarsvið Grindavíkurbæjar í samstarfi við forvarnarteymi UMFG, skóla, félög, stofnanir og ýmsa fleiri aðila sem koma að hreyfingu á einn eða annan hátt. Nánari upplýsingar um Hreyfivikuna má sjá hér: <http://www.iceland.moveweek.eu/>